

**25. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
miðvikudaginn 9. febrúar 2022, kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Valgeir Scott, Þorbergur Kjartansson, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Samúel Kristjánsson, .

1. Gjaldskrár og samþykktir 2022 - 2201007

Teknar fyrir gjaldskrár fyrir gatnagerðargjald, skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa, Vatnsveitu, Fráveitu og sorp ásamt samþykkt um sorphirðu.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja gjaldskrár fyrir gatnagerðargjald og skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa.

Lagt fram til kynningar gjaldskrá fyrir vatnsveitu, fráveitur, sorp og samþykkt um sorp, frestað til næsta fundar.

Samþykkt

2. Samningur um veghald 2021 - 2112005

Lagður fram til kynningar samningur um veghald milli Vegagerðarinnar og Súðavíkurhrepps. Um er að ræða veghald á vegi 61 um Súðavík frá Tjarnarbraut/Grundarstíg að Höfðabrekku.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt

3. Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2019-2030, breyting - 2110005

Tekin fyrir breyting á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030, iðnaðarsvæði innan Langeyrar og íbúðarbyggð neðan Aðalgötu, vinnslutillaga til kynningar.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030 verði kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum sbr. 30. gr. skipulagslaga.

Samþykkt

4. Framkvæmdaleyfi fyrir landfyllingu inn af Langeyri - 2111005

Lagður fram til kynningar verksamningur milli Súðavíkurhafnar og Tígur ehf. vegna verksins "Súðavík - Fyrirstöðugarður 2022"

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt

5. Eyrardalur 6, umsókn um lóð undir gistihús - 2202002

Tekið fyrir erindi frá Félagar ehf. þar sem sótt er um lóðina við Eyrardal 6 sem nú er skráð sem hesthúsasvæði undir lítil gistihús, ca. 20 m² hvert um sig.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd tekur jákvætt í erindið og bendir á að breyta þurfi deiliskipulagi svæðisins.

Samþykkt

6. Strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum - 2005003

Rætt um siglingaleiðir og sjókvíar í Álftafirði.

Skipulag-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendi á að samkvæmt hafnarreglugerð fyrir Súðavík, samþykkt 18. ágúst 2005 er stærð og takmörk hafnarinnar á sjó þessi:

Bein lína, sem hugsast dregin úr Þormóðarnesi yfir Álftafjörð í Rauðanef á Kambsnesi, bein lína úr Þórðarsteinum yfir Álftafjörð í Hamar á Sjötúnahlíð og ströndin innan þeirrar línu.

Nefndin bendir á að öll leyfi sem veitt eru innan hafnarlögsögu Súðavíkur verði að koma inn til umsagnar sveitarfélagsins. Framlenging starfsleyfa í Álftafirði án umsagnar Súðavíkurbrepps er ólíðandi. Greið sjóleið þarf að vera að nýrri höfn á Langeyri.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 18:45.

Anna Lind Ragnarsdóttir

Hulda Gunnarsdóttir

Samúel Kristjánsson

Valgeir Scott

Þorbergur Kjartansson

Bragi Þór Thoroddsen

. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar
09.02.2022

Jóhann Birkir Helgason